

L Ö G

58

19. júní

um breyting á lögum nr. 70 27. júní 1921, um útflutningsgjald.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í stað orðanna „sild, fóðurmjöli“ í 1. gr. laganna komi: hverskonar salt-
aðri sild, sildarmjöli.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.

L Ö G

59

19. júní

um breyting á lögum nr. 36 20. okt. 1917, um stofnun alþýðuskóla á Eiðum og
afhendingu Eiðaeignar til landssjóðs.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

3. gr. laga nr. 36 1917 skal orða svo:

Kennslugreinar skulu vera þessar: Íslenska og íslensk fræði, eitt norður-

59 landamál, saga, stærðfræði, náttúrufræði, landafræði, félagsfræði, bókhald, teikn-
19. júní un, söngur, leikfimi, handavinna. Auk þess skulu nemendur eiga kost á tilsögn í ensku.

2. gr.

4. gr. laganna skal orða svo:

Þegar því verður við komið, skal halda fyrirlestránámsskeið við skólann fyrir almenning í nokkra daga nær miðjum vetri. Ennfremur má halda við skólann vörnámsskeið, þegar stjórn skólans telur ástæður fyrir hendi. Fastir kennarar skólans skulu skyldir til að kenna við námsskeiðin, hver í sínum greinum.

3. gr.

5. gr. laganna skal orða svo:

Við skólann skal skipaður skólastjóri og tveir kennarar; taka þeir laun eftir 26. gr. laga nr. 71 28. nóv. 1919, um laun embættismanna. Auk þess skal séð fyrir nauðsynlegri stundakennslu, svo og kennslu við námsskeiðin, að svo miklu leyti sem kennslukraftar skólans hrökkva ekki til.

4. gr.

6. gr. laganna skal orða svo:

Skólaárið telst frá 20. október til fyrsta sunnudags í sumri.

5. gr.

Árspróf skal halda að loknu námi hinn fyrra vetur, og burtfararpróf að loknu námi hinn síðara vetur. Þeir, sem lokið hafa námi, fá prófskírteini, er sýni kunnáttu þeirra í öllum skyldunámsgreinum skólans.

6. gr.

Nánari fyrirmæli um starfstilhögun skólans og skipulag getur ráðuneytið sett með reglugerð.

7. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 24 27. júní 1921.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Dorsteinn Briem.